

Laganefnd hefur tekið til meðferðar erindi sem barst frá stjórn LH með tölvupósti hinn 16. mars 2022. Laganefnd tók erindið fyrir á fundi sem haldinn var þann 30. mars 2022. Óskað er eftir álitu laganefndar á eftirfarandi álitaefni:

„Hvort stjórn LH hafi heimild til að leiðrétta eða breyta úrslitum móta með hliðsjón að dómi ÍSÍ í máli nr. 9/2020“

Málavextir

Þó spurning stjórnar LH sé almenns eðlis samanber ofangreint, kemur fram í erindi hennar að spurning þeirra snúist öðrum þræði um Íslandsmót ungmenna og fullorðinna sem haldið var á Hólum í Hjaltadal árið 2021.

Í erindi stjórnar LH kemur fram að málavextir séu þeir að á ofangreindu Íslandsmóti hafði það atvikast í fimmgangi ungmenna F1 að skeifa fór undan hesti í þriðja og síðasta skeiðspretti en áður en skeifan fór undan hafði parið áður farið tvo gilda skeiðspretti.

Mót þetta er íþróttamót og gilda um það reglur 8. kafla LH um íþróttakeppni. Um það hvernig með skuli fara ef hestur missir skeifu í keppni er fjallað um gr. 8.1.3.2 í reglum LH, þar kemur m.a. fram:

„...Missi hestur skeifu í úrslitum eða í skeiðkeppni skulu allar einkunnir/tímar sem gefnar hafa verið fram að því atriði að skeifan fer undan standa. Keppandinn fær 0 fyrir þau atriði sem eftir eru af keppninni en er ekki dæmdur úr leik. Hestur sem kemur í fótaskoðun án skeifu, skal dæmdur úr leik í forkeppni, en ef um úrslit er að ræða skal hann fá 0 fyrir síðasta atriði í viðkomandi keppnisgrein. Ákvörðun dómara um lögumæti skeifu á tilteknu móti er endanleg fyrir það tiltekna mót.“

Niðurstaða dómara hefur væntanlega verið á því byggð að þeir hafa túlkað regluna með þeim hætti að líta ætti á á hvern skeiðsprett sem „atriði“ og þar sem parið var búið að fara tvo gilda spretti áður en skeifan fór undan, skyldi gefa parinu einkunn fyrir skeið. Var parið í framhaldi krýnt sigurvegari í fimmgangi og Íslandsmeistari í fimmgangi ungmenna.

Í erindi stjórnar LH kemur jafnframt fram að keppnisnefnd LH hafi nokkru eftir lok mótsins ákveðið að senda erindi á íþróttanefnd FEIF og spyrja hvernig FEIF túlkaði orðalag sambærilegrar reglu í FEIF um skeifnamissi, því dómara innan HÍDÍ væru ekki einhuga um túlkun reglunnar. Svar við fyrirspurn keppnisnefndar mun hafa borist frá formanni Sportnefndar FEIF 23. febrúar 2022, þar sem fram kom að FEIF túlkaði regluna þannig að skeið væri samkvæmt skilgreiningu einn sýningarhluti af fimm í F1 og töpuð skeifa í einhverjum þriggja spretta í úrslitum hefði átt að valda því að viðkomandi átti að fá 0 fyrir þann sýningarhluta.

Orðlag greinar 8.1.3.2 í lögum LH (og sambærilegrar reglu FEIF) er enn óbreytt, en samkvæmt upplýsingum laganefndar er áformað að tillaga um breytingu á orðlagi FEIF reglunnar verði til umfjöllunar á FEIF þingi sem haldið verður í lok þessa mánaðar. Verði á þessum fundi samþykktar orðalagsbreytingar á FEIF reglunni taka þær breytingar þó ekki gildi hér á landi fyrr en orðalagi reglunnar í lögum LH hefur verið breytt til samræmis við það.

Keppandi sem varð í 2. sæti í fimmgangi ungmenna á umræddu Íslandsmóti, sendi tölvupóst á stjórn LH þann 17. febrúar sl. og krafðist þess m.a. með vísan til ofangreinds að LH tilkynnti sig sem réttmætan Íslandsmeistara í fimmgangi ungmenna árið 2021.

Samkvæmt mótaskýrslu Íslandsmóts 2021 bárust engar kærur vegna umrædds atviks í keppni í fimmgangi F1 í ungmennaflokki, en samkvæmt lögum LH þarf kæra að berast innan

hálftrar klukkustundar frá því að keppni í viðkomandi keppnisgrein lýkur samanber grein 2.7.3 í lögum LH og til aganefndar innan 48 klst. frá mótslokum.

Niðurstaða.

Álitaefnið í máli þessu varðar lögskýringu. Nánar tiltekið er aðstaðan sú að dómaraar mótsins túlka grein 8.1.3.2 í lögum LH með þeim hætti að þar sem hestur hafi farið tvo gilda spretti áður en skeifa dettur undan (í þriðja spretti) skuli viðkomandi þar fá einkunn fyrir skeið.

Þeir keppendur í viðkomandi keppnisgrein sem ekki voru sáttir við þessa túlkun dómara á reglunni og töldu hana vera ranga, áttu þess kost samkvæmt lögum LH að kæra þessa niðurstöðu dómaraanna á reglunni til framkvæmdanefndar mótsins. Þar sem engin slík kæra barst innan lögmætra tímafresta þá verður ekki annað séð en að ákvörðun dómaraanna um túlkun og beitingu á þessari reglu sé bindandi og endanleg fyrir þetta tiltekna mót samkvæmt lögum og reglum LH.

Það er ekki að finna ákvæði í lögum eða reglum LH sem heimila stjórn LH að leiðrétta eða breyta úrslitum móta eftir að kærufrestur er liðinn.

Í dómi ÍSÍ í máli nr. 9/2020, var fjallað um sambærilegt álitaefni. Í dómi þessum var þess krafist af hálfu kæranda að tiltekinn úrskurður aganefndar yrði felldur niður og ógildur, en aganefnd hafði tekið málið til umfjöllunar á grundvelli kröfu frá LH og ógilt tiltekinn keppnisárangur löngu eftir að allir kærufrestir voru. Dómurinn felldi niðurstöðu aganefndar úr gildi m.a. með eftirtöldum rökstuðningi:

Ekki má leiða af lögum og reglum LH að þau fjalli með skýrum hætti um mörk þessara tveggja ákvæða og auk þess má ekki finna skýra heimild stjórnar kærða til að beina málum til aganefndar til afgreiðslu á grundvelli 2. gr. reglugerðarinnar. Aganefnd leiðir þann rétt af almennu ákvæði um hlutverk stjórnar sem skv. gr. 1.4.2. er að líta eftir því að lög og reglugerðir LH séu haldin. Sá sem heldur því fram að stjórn og/eða aganefnd LH hafi vald til að fella niður keppnisárangur án sérstakrar kæru löngu eftir að móti lauk ber sönnunarbyrði fyrir því að sú valdheimild sé til staðar.

Líkt og rakið er að ofan þá er ekki að finna ákvæði í lögum eða reglum LH sem heimila stjórn LH að ógilda árangur knapa eða kæra úrslit móta eftir að kærufrestur er liðinn vegna brota á ákvæðum laganna. Þá verður af dómi ÍSÍ ekki nr. 8/2020 ekki dreginn önnur ályktun en að það sé ekki að finna skýra heimild í lögum LH fyrir stjórn til að beina málum til aganefndar eftir að kærufrestur er liðinn. Telur dómurinn að slík heimild verði til að mynda ekki dregin af gr. 1.4.2 í lögum LH.

Þar sem allir kærufrestir voru löngu þegar LH barst áðurnefndur tölvupóstur frá keppanda í 2. sæti, verður ekki annað séð en að niðurstaða úrslita í fimmgangi ungmenna F1 á Íslandsmóti 2021 sé bindandi.

Álit laganeftndar 7. apríl 2022